

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi

Erindi nr. P 138/2457

komudagur 19. 5. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Reykjavík 18. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, með síðari breytingum, um stjórn fiskveiða, 468. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiða, 468. mál. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær veiðiheimildir sem nú eru notaðar til ívilnana og uppbóta verði ekki aðeins skertar í þeirri tegund sem notuð er í þessar ívilnanir heldur verði allur flotinn skertur á grundvelli þorskígilda, þannig að þeir sem njóta ívilnananna fái meira í sinn hlut en þeir fá í dag. Aðallega eru þessar ívilnanir veittar í þorski, ýsu og steinbíti. Þær ívilnanir sem um ræðir eru vegna byggðakvóta, línuívilnunar og síðast en ekki síst vegna strandveiða sem koma að fullum þunga til frádráttar frá heildar úthlutuninni á næsta fiskveiðiári.

Sjómannasamband Íslands ítrekar fyrri afstöðu gagnvart þessum ívilnunum og telur að afnema eigi byggðakvóta, línuívilnun og strandveiðar. Jafnframt hafnar Sjómannasamband Íslands fyrirbyggjandi frumvarpi enda leiddi samþykkt þess til enn meira óréttlætis en þegar er til staðar vegna þessara ívilnana.

f.h. Sjómannasambands Íslands


Hólmgeir Jónsson